

Fullorðinsfræðsla og þjálfun einstaklinga með litla menntun.

Það er hverjum manni nauðsynlegt að halda við þekkingu sinni og færni til þess að styrkja stöðu sína á vinnumarkaði, ekki síst á tímum örra tæknibreytinga og nýrra atvinnuhátta. Það reynist hins vegar ekki öllum jafnauðvelt. Þetta virðist einkum erfitt fyrir einstaklinga sem komnir eru á fullorðinsaldur (25-64 ára) en eru með stutta formlega skólagöngu að baki. En hvað hafa þjóðir Evrópu gert á undanförunum árum til að auðvelda fullorðnu fólki að afla sér nýrrar þekkingar og færni?

Í nýútkominni [Eurydice-skýrslunni](#) er leitað svara við þessari spurningu. Kannað er hvernig einstök lönd styðja við fræðslu fullorðinna með stutta formlega skólagöngu að baki og færni og að hve miklu leyti fólki er gert kleift að afla sér nýrrar þekkingar á starfsævvinni.

Rannsóknin nær til 42 menntakerfa í 37 löndum. Víða var leitað fanga við gerð skýrslunnar en hún byggir m.a. á gögnum frá Cedefop, Eurostat og OECD sem starfsfólk Eurydice verkefnisins í hverju landi hefur tekið saman. Neðst er að finna nánara yfirlit yfir innihald skýrslunnar.

Helstu niðurstöður

- Í löndum Evrópusambandsins er um fimmtungur fullorðins fólks (25-64 ára) með menntun sem svarar grunnskólaprófi eða skemmri menntun. Um 5% luku ekki grunnskólaprófi og eru það um 12.5 milljónir manna í löndum Evrópu. Þetta hlutfall er hæst í löndunum við Miðjaraðarhaf. Meðaltalið í Evrópusambandinu er um 22% og er Ísland nærri því meðaltali. Lægst er hlutfallið í nokkrum ríkjum Austur-Evrópu og Eystrasaltslöndunum, þ.e. í þeim löndum eru fæstir með mjög litla menntun (sjá mynd 1.1 í skýrslunni).
- Rúmlega 40% fullorðinna Evrópubúa eru í hættu á að einangrast frá rafrænum heimi, þar sem þau búa ekki yfir nauðsynlegri færni til þess að nýta sér það sem nútímasamfélag hefur upp á að bjóða. Þessi hópur notar ekki internetið og önnur tölvunotkun þeirra engin eða í lágmarki. Hér stendur Ísland mjög vel að vígi, því hér á landi eru aðeins um 11% í þessum hópi. Til samanburðar er meðaltal Evrópusambandsins um 41%. Hlutfall fólks með litla tölvufærni er lægst á Norðurlöndum, í Þýskalandi, Hollandi og Bretlandi (sjá mynd 1.5 í skýrslunni).
- Fullorðinsfræðsla er á mjög ólíku stigi í þáttökulöndum rannsóknarinnar. Norðurlöndin og nokkur lönd Vestur-Evrópu eru yfirleitt vel sett á þessu sviði.
- Fullorðinsfræðsla hefur aukist nokkuð undanfarin ár, en heimsfaraldurinn hefur sett strik í reikninginn. Almenn þátttaka fullorðinna í menntun og þjálfun í Evrópu var að meðaltali 8% árið 2009 en hafði náð tæpum 11% árið 2019. Vegna Covid-19 minnkaði þó þátttaka í fullorðinsfræðslu í flestum Evrópulöndum, varð um 9% að meðaltali árið 2020.
- Skoðað er hversu stórt hlutfall fullorðinna (25-64 ára) bætti við sig framhaldsskólaprófi eða öðru prófi (þó ekki á háskólastigi) - eftir að 25 ára aldri var náð. Hér er Ísland nokkuð vel sett, ásamt öðrum Norðurlöndum, Hollandi, Sviss og Bretlandi, en á Íslandi hefur umtalsverður fjöldi fólks aflað sér meiri menntunar eftir að fullorðinsaldri er náð.
- Þátttaka í fullorðinsfræðslu er meiri hjá menntaðari hópum í samanburði við þá sem eru minna menntaðir. Þetta er reyndin í öllum Evrópulöndum.

- Að meðaltali aflaði 3,2% fullorðinna sér menntunar á framhaldsskólastigi í Evrópulöndum. Í sumum landanna er þetta hlutfall yfir 10%, þar á meðal á Íslandi.
- Í næstum öllum löndum Evrópu leggja ríkisstjórnir sig fram við að efla fullorðinsfræðslu þeirra sem hafa litla menntun fyrir, t.d. með því að auka framboð, veita námslán eða styrki til náms eða með öðrum hvötum.
- Í um helmingi landanna hafa ríkisstjórnir sett sér tímamörk í áætlanagerð og markmiðssetningu á sviði fullorðinsfræðslu.
- Á fyrstu mánuðum Covid-19 faraldursins gripu fjölmargar ríkisstjórnir til þess ráðs að efla fjarkennslu á öllum sviðum menntunar og þjálfunar, þ. á m. fullorðinsfræðslu. Líklegt er að sú þróun haldi áfram og nýtist áfram þótt faraldrinum ljúki.
- Í skýrslunni kemur fram að nám sem hægt er að taka í nokkrum áföngum eða einingum kemur sér betur fyrir fullorðna einstaklinga en t.d. nám sem er skipulagt yfir margar annir og ár – án eininga. Í flestum löndum sem taka þátt í rannsókninni er nú boðið upp á nám sem hægt er að taka í mörgum einingum eða áföngum, en í ljós kemur að þarna er tækifæri til að gera mun betur. Það er hins vegar á stefnuskrá flestra ríkjanna að gera einmitt betur á þessu sviði.
- Raunfærnimat er í sókn víðast hvar og það nýtist ekki síst þeim sem afla sér menntunar *eftir* að fullorðinsaldri er náð. Í mörgum löndum getur slíkt á endanum leitt til formlega viðurkenndra menntunargráða og starfsréttinda.
- Árið 2016 var staðan sú, að 80% þeirra sem ekki höfðu mikla menntun höfðu ekki áhuga á að afla sér frekari menntunar eða þjálfunar. Áhuginn var minni hjá þeim sem höfðu minnstu menntunina en hjá þeim sem höfðu menntun á háskólastigi.

Helstu efnisþættir skýrslunnar

Í fyrsta hluta rannsóknarinnar eru skilgreiningar og forsendur kynntar til sögunnar og viðfangsefnið er sett í fræðilegt samhengi. Nálgun á fullorðinsfræðslu er ólík milli landa en í rannsókninni var sjónum sérstaklega beint að einstaklingum sem hafa mjög stutta formlega skólagöngu eða þjálfun. Þannig er viðfangsefni skýrslunnar ekki menntun fullorðinna sem sækja sér til dæmis endurmenntun eða viðbótarmenntun að lokinni prófgráðu. Eins er farið yfir sameiginlegar skuldbindingar og markmið sem ríki í Evrópu hafa sett sér, hvað varðar nám og kennslu fullorðins fólks með stutta skólagöngu eða þjálfun. Fjármögnun fullorðinsfræðslunnar er einnig skoðuð og athugað hvort og hvaða aðilar koma að fjármögnun fræðslu þeirra sem hafa enga eða stutta skólagöngu á fullorðinsaldri. Til dæmis er skoðað hvort og hve mikið fé kemur úr opinberum sjóðum og að hve miklu leyti einstaklingar þurfa sjálfir að standa straum af námskostnaði og öðrum kostnaði sem felst í því að hefja nám á fullorðinsaldri. Þá eru atriði sem vitað er að almennt styðji við og auki aðgengi fullorðinna að námi dregin fram, til dæmis aðgengi að fjarkennslu, lengd og uppbygging námbrauta, sem og stuðningur hins opinbera, aðila vinnumarkaðarins og alþjóðlegra sjóða. Að lokum er svo skoðað hvernig nám fullorðinsfræðslunnar er metið í þessum ólíku löndum og hvaða hindranir virðast vera á vegi svo að hægt sé að meta nám fullorðinna á skilvirkan hátt. Í skýrslunni er yfirlit yfir áætlanir og aðgerðir sem gefist hafa vel á Evrópuvísu, til að hvetja einstaklinga með enga eða litla formlega menntun til að taka upp þráðinn og afla sér meiri þekkingar og þjálfunar. Námsráðgjöf og þjónusta við einstaklinga er skoðuð og til sögunnar eru kynntar ýmsar upplýsingasiður og samstarfsveitur sem þátttökuríkin hafa aðgang að og geta ef til vill nýtt sér til að efla frekar þátt fullorðinsfræðslunnar í sínum löndum.